

HS Veitur hf - Árshlutareikningur fyrir janúar til júní 2013

Árshlutareikningur HS Veitna hf. var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 30. ágúst 2013.



Helstu atriði

Hagnaðaraukning um 128 m.kr. milli tímabila

Heildarhagnaður fyrir tímabilið janúar-júní 2013 var 316 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2012 upp á 187 m.kr.

EBITDA hækkar milli tímabila, EBITDA fyrir tímabilið janúar-júní 2013 var 894 m.kr. (36%) á móti 810 m.kr. (34%) fyrir sama tímabil árið 2012.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 30. júní 2013 er 51,2%.

Veltufjárlutfall var 3,53 þann 30. júní 2013 samanborið við 4,28 í árslok 2012.

Hluthafar félagsins eru sjö, í lok júní áttu þrír hluthafa yfir 10% hlut í félaginu:

| | |
|-----------------------|--------|
| Reykjanesbær | 66,75% |
| Orkuveita Reykjavíkur | 16,58% |
| Hafnarfjarðarbær | 15,42% |

Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður tímabilsins janúar-júní 2013 nam 316 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2012 uppá 187 m.kr. Það er hagnaðaraukning upp á 128 m.kr. sem skýrist m.a. af hækkun tekna, lækkun annars rekstrarkostnaðar og lægri verðbótum langtímalána en frá fyrra tímabili. Hækkun tekna nam 115 m.kr. Gjaldfærð lífeyrisskuldbinding fyrir tímabilið janúar-júní 2013 var 46 m.kr. á móti gjaldfærslu um 79 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2012. Verðbætur langtímalána eru um 148 m.kr. en voru fyrir sama tímabil í fyrra um 208 m.kr.

Tekjur hækkuðu um 4,8% á milli tímabila. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á tímabilinu janúar-júní 2013 2.509 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.282 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 857 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 267 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 102 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil árið 2012 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 2.394 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.226 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 815 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 264 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 89 m.kr.

Kostnaðarverð hækkaði um 3,7% á milli tímabila á meðan tekjur jukust um 4,8%. Kostnaðarverð sölu nam 1.618 m.kr. fyrir tímabilið janúar-júní 2013 (64% m.v. tekjur) á móti 1.560 m.kr. á sama tímabili árið 2012 (65% m.v. tekjur). Helsta kostnaðaraukning á milli tímabila er að orkukaup aukast um 45 m.kr., niðurfærsla viðskiptakrafna eykst um 10 m.kr. og rekstur hitaveituedeildar eykst um 23 m.kr.

Annar rekstrarkostnaður lækkar á milli tímabila eða um 24 m.kr. (257 m.kr. fyrir tímabilið janúar-júní árið 2013 og 281 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2012). Þessa breytingu má að mestu skýra annars vegar með breytingu á lífeyrisskuldbindingu, en gjaldfærð lífeyrisskuldbinding fyrir tímabilið janúar-júní árið 2013 var 46 m.kr. á móti gjaldfærslu um 79 m.kr. fyrir sama tímabil í fyrra.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 266 m.kr. fyrir tímabilið janúar-júní árið 2013 á móti nettó gjöldum upp á 349 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2012, eða alls lækkun á milli tímabila um 83 m.kr. Þessa lækkun má rekja til lægri verðbóta á langtímalán en verðbætur fyrir tímabilið janúar-júní 2013 voru um 148 m.kr. á móti 208 m.kr fyrir sama tímabil árið 2012.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 51 m.kr. fyrir tímabilið janúar-júní 2013 á móti 16 m.kr. gjaldfærslu fyrir sama tímabil 2012. Taka skal fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti en afkoma deildarinnar var fyrir tímabilið janúar-júní árið 2013 um 100 m.kr. en var 112 m.kr. fyrir sama tímabil í fyrra.

EBITDA fyrir tímabilið janúar-júní árið 2013 er 894 m.kr. (36%) á móti EBITDA 810 m.kr. (34%) fyrir sama tímabilið árið 2012.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2013 bókfærðar á 17.468 m.kr. Eignir hækkuðu um 341 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í veitukerfum námu á tímabilinu janúar-júní 2013 alls um 253 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 211 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 35 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 7 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 170 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 110 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 39 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 22 m.kr.

HS veitur réðust á tímabilinu í endurfjármögnun á langtímaskuldum félagsins. Var stór hluti eldri skuldabréfaflokks HSVE 0801 endurfjármagnaður með útgáfu nýs skuldabréfaflokks HSVE 1301. Nýi flokkurinn ber 3,75% verðtryggða vexti, en eldri flokkurinn bar 5% vexti. Lánstími nýja flokksins er 20 ár, en eldri flokkurinn var allur á gjalddaga í desember 2018. Skuldir HS Veitna hf þann 30. júní 2013 nema 8.520 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi, þar af eru skammtímaskuldir 652 m.kr. Skuldir hækkuðu um 324 m.kr. frá 31. desember 2012. Vaxtaberandi skuldir hækkuðu um 248 m.kr. að mestu vegna hækkunar verðbóta 148 m.kr. en afborganir voru 1 m.kr. og 103 m.kr. stafa af hækkuðum höfuðstól vegna skuldbreytingar. Þá hækkuðu aðrar skammtímaskuldir um 196 m.kr. að mestu vegna næsta árs afborgana af nýjum skuldabréfaflokki.

Eigið fé HS Veitna hf nam 8.947 m.kr. þann 30. júní 2013 (eiginfjárlutfall 51,2%) en eigið fé í ársbyrjun var 8.932 m.kr. (eiginfjárlutfall 52,1%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 30. júní 2013 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

| | 2013 | | 2012 | | Breyting milli ára |
|--------------------------------------|-------------------|---------------|-------------------|---------------|-----------------------|
| | janúar-júní | % | janúar-júní | % | |
| Rekstrarreikningur | | | | | |
| Rekstrartekjur | 2.508.554 | 100,0% | 2.393.691 | 100,0% | 4,8% |
| Kostnaðarverð sölu | (1.617.771) | (64,5%) | (1.559.827) | (65,2%) | 3,7% |
| Vergur hagnaður | 890.783 | 35,5% | 833.864 | 34,8% | 6,8% |
| Annar rekstrarkostnaður | (257.329) | (10,3%) | (281.330) | (11,8%) | (8,5%) |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði | 633.454 | 25,3% | 552.534 | 23,1% | 14,6% |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (266.373) | (10,6%) | (349.272) | (14,6%) | (23,7%) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 367.081 | 14,6% | 203.262 | 8,5% | 80,6% |
| Tekjuskattur | (51.435) | (2,1%) | (15.822) | (0,7%) | 225,1% |
| Hagnaður tímabilsins | 315.646 | 12,6% | 187.440 | 7,8% | 68,4% |
| | 30.6.2013 | | 31.12.2012 | | |
| Efnahagsreikningur | | | | | |
| Fastafjármunir | 15.167.234 | 86,8% | 15.174.870 | 88,6% | (0,1%) |
| Veltufjármunir | 2.300.642 | 13,2% | 1.952.210 | 11,4% | 17,8% |
| Eignir samtals | 17.467.876 | 100,0% | 17.127.080 | 100,0% | 2,0% |
| Eigið fé | 8.947.263 | 51,2% | 8.931.617 | 52,1% | 0,2% |
| Langtímaskuldir | 7.868.905 | 45,0% | 7.739.499 | 45,2% | 1,7% |
| Skammtímaskuldir | 651.708 | 3,7% | 455.964 | 2,7% | 42,9% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 17.467.876 | 100,0% | 17.127.080 | 100,0% | 2,0% |
| Kennitölur | | | | | |
| EBITDA | 894.089 | 35,6% | 810.153 | 33,8% | 10,4% |
| Veltufjárlutfall | 3,53 | | 4,28 | | (17,5%) |
| Eiginfjárlutfall | 51,2% | | 52,1% | | (1,8%) |

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200/860 5208.